

HEIMSMARKMIÐIN

Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG



MARKMIÐ 11: GERA BORGIR OG AÐRA BÚSETU MANNA ÖRUGGA OG SJÁLFBÆRA FYRIR ALLA

UNDIRMARKMIÐ:

- 11.1 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum tryggður aðgangur að fullnægjandi, öruggu húsnæði á viðráðanlegu verði og grunnþjónusta og fátækrahverfi endurbætt.
- 11.2 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum veittur aðgangur að öruggum, aðgengilegum og sjálfbærum flutningakerfum á viðráðanlegu verði og öryggi á vegum bætt, einkum með auknum almenningssamgöngum, þar sem sérstök áhersla verði lögð á þarfir þeirra sem eru í viðkvæmum aðstæðum, kvenna, barna, fatlaðs fólks og eldra fólks.
- 11.3 Eigi síðar en árið 2030 verði eflid sjálfbær þéttbýlismyndun fyrir alla og geta til skipulagningar og stýringar, sem byggist á þátttöku, á samþættum og sjálfbærum nýbyggðum manna í öllum löndum.
- 11.4 Viðleitni til þess að vernda og tryggja menningar- og náttúruarfleifð heimsins verði eflid.
- 11.5 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið verulega úr fjölda dauðsfalla vegna hamfara og þeirra verða fyrir áhrifum og úr beinu efnahagslegu tjóni, sem hlutfalli af vergri landsframléiðslu á heimsvisu, af völdum hamfara, meðal annars hamfara sem tengjast vatni, þar sem áhersla er lögð á að vernda fátæka og fólk í viðkvæmum aðstæðum.
- 11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum borga á hvern einstakling, meðal annars með því að beina sérstakri athygli að loftgæðum og meðhöndlun sveitarfélaga á úrgangi og annars konar meðhöndlun úrgangs.
- 11.7 Eigi síðar en árið 2030 verði almennur aðgangur veittur að öruggum og aðgengilegum grænum svæðum fyrir almenning, einkum konur og börn, eldra fólk og fatlað fólk.
- 11.a Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðáþróun á landsvisu og innan svæða.
- 11.b Eigi síðar en árið 2020 verði fjöldi borga og nýbyggða manna aukinn verulega og samþykktar verði og komið til framkvæmda samþættum stefnumálum og áætlunum sem miða að aðkomu allra, auðlindanýtni, því að draga úr loftslagsbreytingum og aðlögun að þeim, viðnámi gegn hamförum, og þróuð verði og framkvæmd heildræn hamfaraáættustýring á öllum stigum í samræmi við Sendai-rammaáætlunina 2015-2030.
- 11.c Löndum sem eru skemmt á veg komin í þróun verði veittur stuðningur, meðal annars með fjárhags- og tækniástoð, til þess að reisa varanlegar og viðnámsþolnar byggingar úr efnun á staðnum.